

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og 59. gr. laga num hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álöögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	17.600 kr.	5.900 kr.	5.900 kr.	5.900 kr.
660 l ílát	52.600 kr.	17.600 kr.	17.600 kr.	
140 l ílát	10.200 kr.			3.400 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er 29.400 kr. og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

3. gr.

Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald 31.600 kr. af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er.

Úrgangstegund	kr./kg án vsk	kr./kg m. vsk	Gjaldskyldir
Blandaður heimilisúrgangur	60	74	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur – pressanlegur	72,5	90	Fyrirtæki/einstakl.
Grófur úrgangur til flokkunar	85	105	Fyrirtæki/einstakl.
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s brúsar, fötur)	5,5	7	Fyrirtæki/einstakl.
Heimilisplast	5,5	7	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	18	22	Fyrirtæki
Bylgjupappír	5,5	7	Fyrirtæki

Timbur hreint	15	19	Fyrirtæki/einstakl.
Timbur litað	25	31	Fyrirtæki/einstakl.
Garðaúrgangur, trjábólir, greinar og jarðvegur	5	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	15	19	Fyrirtæki/einstakl.
Dýraleifar	40	50	Fyrirtæki/einstakl.
Lífrænn heimilisúrgangur	27	33	Fyrirtæki
Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint		0	
Hjólbarðar		0	
Málmar		0	
Spilliefni, raftæki		0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 40.000 kr. m. vsk.			Einstakl.
Vélavinna vegna losunar undir 1 rúmmetra	2.419	3.000	Fyrirtæki/einstakl.
Vélavinna vegna losunar yfir 1 rúmmetra	4.838	6.000	Fyrirtæki/einstakl.

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) 1.200 kr. á m³.

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Heimilt er að leggja 10.000 kr. gjald á aðila er verða uppvisir að losun úrgangs fyrir utan grenndargáma.

Óflokkaðir ferðavagnar og heitir pottar tilheyra grófum úrgangi til flokkunar.

Óhreint landbúnaðarplast tilheyrir blönduðum heimilisúrgangi.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Klippikort með 5 m³ af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 10. nóvember 2025 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1475/2024.

Strönd, 10. nóvember 2025.

Eggert Valur Guðmundsson,
formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.